

Ólafur Rögnvaldsson¹ og Haraldur Ólafsson²

- 1) Háskólinn í Björgvin, Háskóli Íslands og Reiknistofa í veðurfræði
- 2) Háskóli Íslands, Veðurstofa Íslands og Reiknistofa í veðurfræði

Vindakort af Íslandi

Vindur við yfirborð jarðar yfir Íslandi er reiknaður í neti með 8 km möskvum yfir 12 ára tímabil. Reikningarnir byggja á ástandi lofthjúpsins eins og það er skilgreint á 6 klst. fresti á jaðri sem staðsettur er langt úti á sjó. Sýnd eru kort sem gefa til kynna meðalvindstyrk ýmissa árstíða og ársins í heild. Reikningarnir eru í þokkalega góðu samræmi við vindmælingar að teknu tilliti til áhrifa landslags sem ekki kemur fram í 8 km víðum möskvum. Áhrif landslagsins koma glögg fram í vindakortunum og einna skýrast í miklum vindi norðantil á stærstu jöklum landsins. Gefur það til kynna að þyngdarbylgjur séu nokkuð áhrifaríkur þáttur í vindafari á þeim slóðum. Vindakortin eru skref í átt til kortlagningar á vindorku á Íslandi.